

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Bókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem bókavörzla er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa lokið prófi í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands eða erlendan skóla og starfað auk þess eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni.

2. Hafa lokið meistaraþrófi í íslenzkum fræðum og auk þess starfað eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni og kynnt sér sérstaklega flokkun og skráningu bóka.

3. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu sem aðalstarf í íslenzku bæjarbókasafni ekki skemur en eitt ár og hafi auk þess meðmæli bókasafnsstjórnar og yfirbókavörðar, hafi viðkomandi unnið í bókasafni, þar sem fleiri en einn bókavörður starfa.

Yfirbókavörðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert hinna þriggja fyrirtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókavörðir við gildistöku laganna eða hafa haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár.

Aðstoðarmenn í bókasöfnum skulu hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi, en auk þess skulu þeir ráðnir fyrst í þrjá mánuði til reynslu, en á þeim tíma skal veita þeim starfsþjálfun og tilsögn í frumatriðum bókasafnsfræða.

3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Laun bókavörða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavörða og yfirbókavörða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Uppfylli enginn umsækjandi ofangreind skilyrði, skal endurtaka auglýsingu, en að því loknu er bókafulltrúa heimilt að veita undanþágu til að ráða þann, sem hæfastur þykir til starfsins.

4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavörzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Skal hún leita álits bókafulltrúa á hæfni þess, er hún hyggst ráða. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavörða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.

5. Við 21. gr. Í lok greinarinnar falli niður orðin „en háð skal hún samþykki bókafulltrúa“.

6. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Hann skal uppfylla sömu menntunar- eða starfsaldursskilyrði sem sett eru yfirbókavörðum bæjar- og héraðsbókasafna í 10. gr. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnnum þeirra og bókavörðum um bóka- val, húsbýggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavörðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavörðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll mál- efni almenningsbókasafna.

7. Við 32. gr. Á eftir orðinu „stofnanir“ í 1. málsgr. komi: þess.